



# Sjálfstæðisfélag Garðabæjar

Prófkjör í Garðabæ laugardaginn **5. mars 2022**

Framboðsfrestur til mánudagsins **31. janúar 2022**

# Rafræn skráning á framboði



Sjálfstæðisfélag Garðabæjar

FORSÍÐA

FRÉTTIR

UM FÉLAGIÐ ▾

BÆJARFULLTRÚAR OG NEFNDARMENN

Útgáfa í hönnunni | Hlata söfnununa

## Prófkjör: Auglýst eftir framboðum

30. desember, 2021

Auglýst er eftir framboðum til prófkjörs Sjálfstæðisfélaganna í Garðabæ fyrir komandi sveitarstjórnarkosningar sem fram fer laugardaginn 5. mars 2022.

### Fyrir frambjóðendur

Frambjóðendur eru hvattir til að kynna sér vel [prófkjörsreglur](#) flokksins sem og þau ákvæði sem finna má í [skipulagsreglum](#) Sjálfstæðisflokksins varðandi prófkjör og framboðsmál.

Frambjóðandi skal vera kjörgengur í næstu sveitarstjórnarkosningum, flokksbundinn sjálfstæðismaður og búsettur í Garðabæ. Hver frambjóðandi skal skila inn skriflegum meðmælum með framboði sínu frá 20 flokksbundnum sjálfstæðismönnum búsettum í Garðabæ, hið minnsta en að hámarki 40 meðmælum. Tekið skal fram að enginn meðmælandi má mæla með fleirum en 8 frambjóðendum.

**Eyðublað fyrir meðmælendur, [sjá hér](#).**

Hver og einn frambjóðandi skal skila ljósmynd og allt að 200 orða kynningartexta með framboði sínu. Efnið verður notað til að kynna framboðið. Frambjóðendum er að auki heimilt að láta fylgja með ferilskrá og senda með hlekki inn á heimasíðu, samfélagsmiðla og annað sem tengist framboði þeirra.

### Skil á framboði:

Framboðsfrestur er til kl. 16:00 mánudaginn 31. janúar 2022.

**Framboði er skilað inn rafrænt með því að [smella hér](#).**

Nánari upplýsingar veitir Haukur Þór Hauksson formaður kjörnefndar í síma 618-1279 eða í gegnum netfangið [haukurthorhauksson@gmail.com](mailto:haukurthorhauksson@gmail.com)

# Rafræn skráning á framboði

Eyðublað profkjör\_gbaer, Útg.1



Yfirlýsing um framboð í prófkjöri í Garðabæ

Fornafn \*

Millinafn

Eftirnafn \*


Kennitala \*

Simanúmer \*


Heimilisfang \*

Netfang \*


Meðmælendur (20 - 40 meðmælendur). \*

 Browse ...


Prófilmynd sem birt verður í kynningarefni. \*

 Browse ...

Kynningarbréf. Allt að 200 orða kynningarbréf sem birt verður í kynningarefni á vegum flokksins. Hér er gott að taka fram eftir hvaða sæti frambjóðandi sækist eftir. Í Garðabæ er kosið um 1. - 8. sæti í prófkjörinu. \*

 Browse ...

Ferilskrá sem birt verður í kynningarefni.

 Browse ...

Starfstíll / Staða \*

*Birtist á kjörseðli, hámarki 20 stafir*

**Reglur um framboð til prófkjörs.**

- Skipulagsreglur Sjálfstæðisflokksins, [sjá hér](#).
- Persónuverndarstefna Sjálfstæðisflokksins, [sjá hér](#).
- Reglur um prófkjör Sjálfstæðisflokksins, [sjá hér](#).
- Leiðbeiningar um uppgjör og upplýsingaskyldu frambjóðenda í persónukjöri, [sjá hér](#).

# Rafræn skráning á framboði

Ég hef kynnt mér framangreindar reglur og heiti því að starfa samkvæmt þeim.

## **Yfirlýsing í tengslum við afhendingu kjörskrár. \***


Ég, undirritaður frambjóðandi í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Garðabæ óska eftir því að fá afhenta kjörskrá, þ.e. skrá yfir flokksbundið sjálfstæðisfólk í sveitarfélaginu. Mér er ljóst að skráin verður ekki afhent fyrr en hún liggur fyrir og ég hef greitt 110.000 kr. tryggingagjald og 15.000 kr. þátttökugjald. Kjörskráin verður tekin saman og afhent í kjölfar beiðni um aðgang að skránni vegna framboðs undirritaðs í framangreindu prófkjöri. Mér er ljóst að skráin inniheldur viðkvæmar persónugreinanlegar upplýsingar. Ég heiti því að kynna mér og fylgja þeim reglum sem um meðferð og vinnslu slíkra upplýsinga gilda, m.a. þær sem finna má í lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018, lögum um fjarskipti nr. 81/2003, persónuverndarstefnu Sjálfstæðisflokksins og reglum um prófkjör Sjálfstæðisflokksins. Mér er ljóst að viðurlög eru við misnotkun á skránni og að öll misnotkun á henni verður kærð. Mér er ljóst að skrána má einungis nota í lögmætum tilgangi og að það er með öllu óheimilt að afrita skrána, í heild eða að hluta, og veita öðrum aðgang að henni. Skráin verður einungis notuð í húsnæði á mínum vegum. Þá er mér jafnframt ljóst að stranglega bannað er að styðjast við eldri kjörskrár eða aðrar skrár yfir flokksbundið sjálfstæðisfólk en þá sem frambjóðendur fá afhenta skv. framangreindu. Áður en til afhendingar kjörskrár kemur verður skráin samkeyrð við bannskrá og að þannig skráðir einstaklingar verða sérstaklega merktir í skránni. Mér er ljóst að óheimilt er að hafa samband við þá einstaklinga í tengslum við framboðið. Mér er enn fremur ljóst að frambjóðendur í framangreindu prófkjöri, þ.m.t. undirritaður, bera ábyrgð á samskiptum sínum við flokksbundið sjálfstæðisfólk, sem og aðra þá sem kann að verða haft samband við, í tengslum við framboð í framangreindu prófkjöri. Ég heiti því að skila kjörskránni strax að kjöri loknu, og eigi síðar en 2 sólarhringum síðar, á skrifstofu flokksins í Valhöll gegn endurgreiðslu tryggingargjalds.

Ég óska ekki eftir því að fá kjörskrá.

## **Yfirlýsing fyrir prófkjör. \***

Ég, undirritaður frambjóðandi í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Garðabæ sem fram fer 05.03.22, til vals á lista Sjálfstæðisflokksins í Garðabæ fyrir sveitastjórnkosningar 2022, staðfesti hér með að ég hefi kynnt mér þær reglur, sem gilda í prófkjörinu og mun starfa samkvæmt þeim. Samkvæmt því staðfesti ég hér með að ég mun reka allan áróður í eigin nafni en ekki í nafni Sjálfstæðisflokksins. Ég mun ekki nota auðkenni eða tákn flokksins í auglýsingum eða á annan hátt án heimildar framkvæmdastjómars hans. Ég heiti því að reka baráttu mína á heiðarlegan hátt og kappkosta að gæta aðhalds og hófsemi í kosningabaráttunni. Ég geri mér ljóst að þrátt fyrir þátttöku mína í prófkjörinu og án tillits til árangurs míns í því þá hef ég ekki rétt til að gera tilkall til sætis á framboðslista flokksins við ofangreindar kosningar.

## **Samfélagsmiðlar og heimasíða.**



*Vinsamlega setjið inn linka sem þið óskið eftir að verði á kynningarsíðu ykkar. (Facebook, Instagram, Twitter, LinkedIn, heimasíða o.s.frv).*

# Til kjörnefndar Sjálfstæðisflokksins í Garðabæ

Við undirritaðir (20 - 40), flokksbundnir sjálfstæðismenn búsettir í Garðabæ, styðjum framboð:

Nafn \_\_\_\_\_ Kennitala \_\_\_\_\_

	Nafn	Kennitala	Símanúmer	Netfang
1				
2				
3				
4				
5				
6				
7				
8				
9				
10				



Umfjöllun um fjármál frambjóðenda í persónukjöri

# Leikreglur:

- Upplýsingaskylda
- Skil á fjárhagsupplýsingum til Ríkisendurskoðunar
- Móttekin framlög – fjárhæðir

Frambjóðandi skal halda fjárreiðum framboðsins aðskildum frá einkafjárreiðum sínum. Í því skyni skal stofnaður sérstakur bankareikningur fyrir framboðið, þar sem færa skal allar peningalegar innborganir eða útborganir í tengslum við það. Halda skal sérstakt bókhald um gjöld tengd framboðinu svo og tekjur, hvort sem er í formi peningalegra greiðslna eða framlaga í öðrum gæðum. Allar færslur í bókhaldinu skulu byggja á fullnægjandi fylgiskjölum eða gögnum, svo sem frumriti reikninga, kvittunum fyrir móttekin framlög o.s.frv. Um bókhaldið og reikningsskil skulu gilda eftir því sem við á ákvæði bókhaldslaga nr. 145/1994.

# Upplýsingaskylda

- Öllum framboðendum í persónukjöri ber að skila upplýsingum um framboð sitt til Ríkisendurskoðunar eigi síðar en þremur mánuðum eftir að baráttu lýkur.
- Allt ítarefni um fjármál og skil upplýsinga:
- [Leiðbeiningar um uppgjör og upplýsingaskyldu þátttakenda í persónukjöri þ. á m. prófkjöri og forvali \(rikisend.is\)](#)



# Skil á fjárhagsupplýsingum til Ríkisendurskoðunar

Öllum þáttakendum í prófkjöri ber að skila uppgjöri eða yfirlýsingu um fjárhag kosningabaráttunnar til ríkisendurskoðunar.

- Kostnaður yfir 550.000.- uppgjör
  - [2021-Uppgjörseydublad frambjodanda i personukjori.xlsx \(live.com\)](#)
- Kostnaður undir kr. 550.000.- einföld yfirlýsing nægir.
  - [2021-yfirlýsing frambjodanda-utfyllanlegt.docx \(live.com\)](#)

# Fjárhæðir – móttækin framlög.

- Frambjóðanda er óheimilt að taka við framlagi hærra en 400.000 frá lögaðila eða einstaklingi.
- Öll framlög frá lögaðilum skulu koma fram í reikningskilum frambjóðanda, sama hver fjárhæðin er.
- Öll framlög frá einstaklingum hærri en kr. 300.000.- ber að gefa upp. Framlög einstaklinga undir kr. 300.000.- nægir að birta samtölu framlaga einstaklinga (ekki nöfn) og hver fjöldi þeirra hafi verið.

## Upplýsingar

- Nánari upplýsingar varðandi framvindu mála, t.d. um kjörstað og opnunartíma á kjördag 5. mars, utankjörfundaratkvæðagreiðslu, kynningar á frambjóðendum o.s.frv. verður auglýst síðar á:
  - gardar.is
  - xd.is
  - Facebook-síðu félagsins
  - Garðapóstinum
  - Tölvupósti til félagsmanna

Hægt er að senda fyrirspurnir á [gardar@xd.is](mailto:gardar@xd.is) eða hafa samband við formann kjörnefndar í síma 618-1279 eða á netfangið [haukurthorhauksson@gmail.com](mailto:haukurthorhauksson@gmail.com).



Hvernig ætlar Sjálfstæðisfélag Garðabæjar að styðja við frambjóðendur í prófkjörinu?

# Kynning í blaðið Garðari

- Gefum út blaðið Garðar í samstarfi við Garðapóstinn með kynningu á frambjóðendum.
- Munum hafa samband strax í byrjun febrúar varðandi fyrirkomulag á því.
- Þurfið að eiga góða ljósmynd af ykkur til að setja með í blaðið.

# Kynningarfundir með frambjóðendum

- Sjálfstæðisfélagið hefur skipulagt alls fjóra fundi þar sem frambjóðendum gefst kostur á að koma og kynna sig (laugardagana 5. og 12. febrúar og þriðjudagana 8. og 15. febrúar).
- Hver frambjóðandi fær boð um að koma á einn af þessum fundum (fer því eftir fjölda frambjóðenda hversu margir verða á hverjum fundi).
- Munum senda upplýsingar um undirbúning, form og fyrirkomulag strax í byrjun febrúar.

# Podkast

- Hver og einn frambjóðandi í prófkjörinu hefur tækifæri til að koma í stutt podkast.
- Upptökur fara fram í félagsheimilinu undir stjórn Torfa Geirs.
- Spurningarnar verða á léttum nótum og ætlað að laða fram það besta hjá hverjum og einum.

# Sameiginlegur kynningarfundur 1. mars

- Öllum frambjóðendum verður boðið að taka þátt í sameiginlegum kynningarfundum
- Annað hvort rafrænt eða í raunheimum – nánar um það síðar